

Tilm. 5/2019/velferd D 2019

Fyrri skjalsnúmer A 1774/velferd:
Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um að

Norðurlönd verði í fararbroddi við að sporna gegn félagslegri einangrun (Tilm. 5/2019)**Tillaga**

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð skrái hjá sér svarið og telur tilmæli 5/2019 um að Norðurlönd verði í fararbroddi við að sporna gegn félagslegri einangrun endanlega afgreidd.

Bakgrunnur

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

Að hún beini sjónum að félagslegri einangrun og að Norðurlönd verði í fararbroddi við að sporna gegn félagslegri einangrun í samfélaginu með því að kanna ólíkar leiðir til að efla fjárfestingu í fyrirbyggjandi félagslegum aðgerðum.

Að tillögur sem Árni Páll Árnason setti fram í tengslum við stefnumótandi úttekt á norrænu samstarfi í félagsmálum verði notaðar til að sporna gegn félagslegri einangrun jaðarsettra barna og ungmenna, fullorðinna, innflytjenda, eldri borgara og fólks með fatlanir á Norðurlöndum.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin er sama sinnis og Norðurlandaráð um að leggja áherslu á aðgerðir til að sporna gegn félagslegri einangrun á Norðurlöndum. Skýrsla Árna Páls Árnasonar „Þekking sem nýtist – Tillögur um aukið norrænt samstarf á sviði félagsmála“ bendir á mikilvægi þess að eiga í auknum mæli samstarf á félagsmálasviði á Norðurlöndum sem byggist á þekkingu og ræðst af eftirspurn, þar sem áhersla er lögð á skilvirkar aðgerðir. Eftir fyrstu yfirferð á skýrslu Árna Páls hefur Norræna ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál, MR-S, náð samstöðu um hvaða viðfangsefni og tillögur eigi að leggja áherslu á núna á næstunni.

Bakgrunnur

Þemaumræða á fundi ráðherranefndarinnar MR-S 27. mars 2019 fjallaði um börn, ungmenni og fullorðna í áhættuhópum, einkum aðkomu notenda með hliðsjón af tillögum 6 – félagslegar aðgerðir með áherslu á notandann, 8 – börn og ungmenni í áhættuhópum og 9 – fullorðnir í áhættuhópum í skýrslu Árna Páls, og fól



embættismannanefndinni EK-S að tilgreina ýmsar aðgerðir í norrænu samstarfi í tilefni skýrslunnar og umræðu ráðherranna.

Eins og fram kemur í skýrslunni er mikilvægt að draga börn, ungmenni og fullorðna í áhættuhópum fram í dagsljósið og hlusta á sjónarmið þeirra við mótun aðgerða og úrræða á þessu sviði. Skýrslan nefnir einnig mikilvægi þess að rödd fólks sem stendur höllum fæti í samfélaginu heyrist vel í umræðu um og undirbúningi á félagspólitískum úrræðum sem þann hóp varða og þar sem félagasamtök hafa mikilvægu hlutverki að gegna.

Ráðherrarnir bentu á mikilvægi þess að miðla þekkingu um úrræði sem reynst hafa vel á Norðurlöndum. Snemmtækari, nánari og samfelldari íhlutun var nefnd sem mikilvægt markmið þar sem notandinn er í fyrirrúmi og getur haft áhrif á ferli og ákvarðanir sem varða hann sjálfan. Þá var bent á að örbirgð og vanræksla barna er stórt vandamál og hve mikilvægt er að efla aðgerðir út frá skýrari sjónarmiðum réttinda barnsins. Vaxandi andleg vanlíðan barna og ungmenna var nefnd sem ein stærsta áskorun framtíðarinnar sem krefst nýrra og snemmtækari aðgerða, einnig út frá lýðheilsusjónarmiði. Mörg ungmenni nútímans eru hvorki í námi né vinnu og eiga því á hættu að verða utangarðs til lengri tíma. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að úrlausnir og þverlæg samstarfslíkön byggðust á þekkingu og eftirspurn, enn fremur að þróunarvinna í löndunum tengist þeirri vinnu sem fram fer í norrænu samstarfi.

Bent var á að félagasamtök eru öflugir samstarfsaðilar, hvort sem um er að ræða úrræði eða virka þátttöku notenda, og geta leiðbeint stjórnvöldum og öðrum aðilum um það sem skilar mestum árangri. Aukið samstarf við félagasamtök getur þess vegna verið mikilvægur þáttur í frekari þróun á árangursríkum úrræðum fyrir börn, ungmenni, fullorðna og aldraða í áhættuhópum, auk einstaklinga með fötlun, eins og fram kemur í skýrslu Árna Páls.

Norræna embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál, EK-S, samþykkti á fundi sínum 28. maí, í beinu framhaldi af þemaumræðunni hjá MR-S, að styðja við nýjar aðgerðir sem leggja áherslu á þekkingu og miðlun reynslu af aðkomu notenda sem nýtist, sem og að auka samráð við félagasamtök um fullorðna í áhættuhópum. Um leið liggur fyrir ósk um að efla áherslu á réttindi barna, einkum rétt þeirra til þátttöku og aðkomu í málum sem varða þau sjálf. Væntanleg norræn hátíðarhöld vegna 30 ára afmælis Barnasáttmála SP gætu verið mikilvægt tæki í þessu tilliti sem og norræn samantekt á þekkingu um ungt fólk í áhættuhópum, félagslega einangrun og aðlögun. Aukið samráð við ungt fólk í áhættuhópum er einnig áherslusvið, þar sem mætti t.d. byggja áfram á norrænum leiðtogafundi ungs fólks sem var haldinn í Kaupmannahöfn í nóvember 2017 í samstarfi við félagasamtök sem vinna að geðheilbrigðismálum ungs fólks.

Mikilvægt er að benda á að Norrænu ráðherranefndinni barst skýrsla Árna Páls fyrir tæpu ári síðan. Eftirfylgnin er því rétt hafin og á fundi MR-S í mars 2019 náðist samstaða um að skipuleggja starfið á þann hátt að leggja fyrst áherslu á fimm tillagnanna í skýrslunni. Því mun verða þörf fyrir aukna áherslu á sviði félagsmála í mörg ár fram í tímann, til þess að nýta að fullu möguleikana í skýrslunni.





Afgreiðsla tilmælanna í Norrænu ráðherranefndinni

Norræna ráðherranefndin sér að þegar á sér stað gott samstarf á Norðurlöndum til að sporna gegn félagslegri einangrun. Það mun verða aukið og eflt frekar á grundvelli tillagnanna 14 í skýrslu Árna Páls. Góð dæmi um núverandi samstarf eru vinna á sviði fötlunarmála og sænska forgangsverkefnið „nabo“ um samfélagsþátttöku ungs fólks á Norðurlöndum. Sameiginlegt með öllum þessum verkefnum er undirliggjandi markmið um að koma í veg fyrir jaðarsetningu viðkvæmra hópa sem standa höllum fæti í samfélaginu. Með skýrslu Árna Páls hefur verið varpað nýju ljósi á mikilvægi þess að leggja áherslu á og safna þekkingu um aðgerðir sem nýtast. Ráðherranefndin vill áfram, á grundvelli skýrslu Árna Páls, með norrænum verkefnum stuðla að aukinni þekkingu og miðlun reynslu af vel heppnuðum aðgerðum sem stuðla að samfélagsþátttöku. Framtíðarvinna Norrænu ráðherranefndarinnar með skýrslu Árna Páls og nýtingu hennar til fulls er því háð áframhaldandi áherslu á sviði félagsmála.

Norræna ráðherranefndin leggur áherslu á að vinnan við skýrslu Árna Páls samræmist nýju framtíðarsýninni um félagslega sjálfbær Norðurlönd sem eiga að stuðla að samfelldu svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Norræna ráðherranefndin er því sama sinnis og Norðurlandaráð og telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.

Álit nefndarinnar

Norræna velferðarnefndin telur mjög gott að Norræna ráðherranefndin hafi brugðist við skýrslu Árna Páls sem var unnin í nánu samstarfi við nefndina. Nefndin fagnar því sérstaklega að ráðherranefndin áformar að byggja áfram á þeirri ráðstefnu fyrir ungt fólk sem fram fór í Kaupmannahöfn 2017 þar sem félagasamtök sem vinna að geðheilbrigðismálum ungs fólks tóku þátt.

Kaupmannahöfn, 28. janúar 2020

Bente Stein Mathisen (H)

Eva Lindh (S)

Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)

Heli Järvinen (grænum)

Høgni Hoydal (T)

Kaisa Juuso (saf)

Kasper Roug (S)

Kim Berg (S)

Liselott Blixt (DF)

Maria Stockhaus (M)

Nils Sjøberg (RV)

Nina Sandberg (A)

Per-Arne Håkansson (S)

Solveig Horne (FrP)

Solveig Sundbø Abrahamsen (H)